

Fundargerð 86. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 8. maí kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Valgerður Rún Benediktsdóttir sviðsstjóri, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA

Fundargerð 85. fundar samþykkt.

2. Framkvæmd sérsöfnunar á textíl með tilliti til nýrra laga - 2301049SA

Eitt af þeim málum sem upp hafa komið við breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs er hvernig skuli fara með sérsöfnun textíls, en með breytingum á 10. gr. laganna er lögð sú skylda á sveitarfélög að safna þessum úrgangsflokki á grenndarstöðvum. Málið var síðast á dagskrá verkefnisstjórnar 20. mars sl. Framkvæmdin í mörgum sveitarfélögum hefur verið með þeim hætti að góðgerðasamtök safna textíl án aðkomu sveitarfélagsins þar sem textíll fellur til og er hann nýttur til endursölu eða endurnýtingar. Aflað var álits Ríkiskaupa, dags. 4. apríl, á skyldum sveitarfélaga hvað varðar söfnun textíls, m.a. með tilliti til þess hvort þeim sé skylt sé að bjóða út söfnun á textíl.

Stanley Örn Axelsson sérfræðingur Ríkiskaupa kom inn á fundinn til þess að fara yfir efni minnisblaðsins en megin niðurstaða þeirra er að sveitarfélögum er ekki skylt á grundvelli laga um opinber innkaup eða reglugerðar um sérleyfissamninga að bjóða út söfnun og aðra meðhöndlun á úrgangi sem þeim er gert að safna ef góðgerðarsamtökum er falið að annast söfnunina og meðhöndlun úrgangsins án þess að þiggja annað endurgjald fyrir. Ríkiskaup leggja hins vegar til að sveitarfélög geri sérstakan þjónustusamning við þau góðgerðarsamtök sem falið er að framkvæma þjónustuna þar sem að lágmarki komi fram hvar söfnunin skuli fara fram og hvað teljist eðlilegt þjónustustig, t.d. hversu oft eigi að tæma gámana svo sveitarfélagið geti tryggt sínar lögbundnu skyldur samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs. Einnig sögðu Gunnar Dofri Ólafsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Ísól Fanney Ómarsdóttir frá SORPU bs. frá stöðu mála er varðar textílsöfnun á starfssvæði SORPU bs.

Verkefnisstjórnin þakkar Ríkiskaupum fyrir greinagott minnisblað sem mun nýtast í áframhaldandi vinnu sveitarfélaga að því að útfæra ábyrgð sína á textíl og öðrum úrgangsflokkum þar sem góðgerðasamtök, íþróttasamtök eða aðrir slíkir aðilar koma að. Mikilvægt er að aðgreina textíl frá öðrum úrgangi og hámarka endurnotkun og endurnýtingu ásamt því að veita góða þjónustu við íbúa. Tryggja þarf að sveitarfélög verði ekki fyrir óhóflegum kostnaði og umsýslu við að því að rækja lagalega ábyrgð sína á textílsöfnun. Bæta þarf utanumhald um magn og kostnað vegna textílsöfnunar og -meðhöndlunar. Verkefnisstjórnin telur bagalegt að íslensk sveitarfélög hafi þurft að uppfylla kröfur um textílsöfnun tveimur árum á undan öðrum Evrópulöndum. Þessi nýja ábyrgð getur verið íþyngjandi fyrir sveitarfélög, sér í lagi þau smærri og dreifbýlu. Verkefnisstjórnin telur brýnt að hraða vinnu við að innleiða framlengda framleiðendaábyrgð á textíl, sem nú hefur verið innleidd í sumum löndum Evrópu og ESB er nú að skoða að gera kröfu í aðildarríkjunum, til að draga úr kostnaði sveitarfélaga. Verkefnisstjórnin ákveður að skipa starfshóp með fulltrúum SORPU bs. og sambandsins sem mun leggja mat á stöðu innleiðingar á söfnun og meðhöndlun á textíl.

3. Söfnun og meðhöndlun dýraleifa - 2303039SA

Verkefnisstjórnin ræddi misbresti í förgunar dýraleifa og skýrslu og minnisblað Stefáns Gíslasonar, framkvæmdarstjóra Environice, á síðasta fundi sínum 24. apríl. Margrét Björk Sigurðardóttir og Iðunn María Guðjónsdóttir á skrifstofu matvæla hjá Matvælaráðuneytinu mættu á fundinn en Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir hjá MAST forfallaðist. Stefán Gíslason framkvæmdarstjóri Environice kom á fundinn og sagði frá minnisblaði sínu. Hann sagði frá því að óvissa ríkir um hvort núgildandi lög og reglugerðar setji einhverja ábyrgð á herðar sveitarfélaga hvað dýraleifar varðar. Rætt var um þýðingu dóm EFTA-dómstólsins yfir íslenskum stjórnvöldum sem segir að stjórnvöldum hafi mistekist að koma meðhöndlun dýraleifa í ásætlanlegt horf.

Verkefnisstjórnin óskar eftir lögfræðilegri skoðun til að draga úr óvissu um ábyrgð sveitarfélaga á söfnun og annarri meðhöndlun dýraleifa, bæði m.t.t. núgildandi reglugerðar og væntanlegrar reglugerðar, enda skiptir það sveitarfélögin miklu máli hverjar raunverulegar skyldur þeirra eru gagnvart málaflokknum. Verkefnisstjórnin óskar jafnframt eftir því að sambandið komi á fundi með fulltrúum Matvælaráðuneytisins og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og leiti eftir viðbrögðum þeirra á lausnum á þeirri stöðu sem upp er komin hvað varðar meðhöndlun dýraleifa.

4. Önnur mál - 2009111SA

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri sagði frá að sambandið efnir til opins fjarfundar undir yfirskriftinni „Kröfur til hins byggða umhverfis vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis“ þriðjudaginn 16. maí kl. 10:00 til 12:00. Fundurinn er hluti af fundarröð sambandsins undir áttakinu „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ sem styrkt er af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Einnig sagði hún frá erindi sem hún flutti á vörðstefnu

Samtaka tæknimanna sveitarfélaga (SATS) um innleiðingu breyttrar innheimtu vegna meðhöndlun úrgangs, svokölluðum Borgað þegar hent er kerfum, og átaki sem sambandið hefur staðið fyrir til að styðja sveitarfélög við innleiðingu slíkra kerfa.

Næsti fundur var ákveðinn kl. 13 þann 6. júní sem verður fjarfundur.

Fundi var slitið kl. 12:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson